

REGLUGERÐ

um starfsheiti og starfsréttindi næringarráðgjafa.

1. gr.

Rétt til að kalla sig næringarráðgjafa og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa B.S. prófi eða sambærilegu háskólaprófi í næringarfræðum, ásamt minnst eins árs framhaldsnámi í næringarráðgjöf þar sem hluti náms er starfsmenntun á sjúkrahúsi, að fenginni umsögn Matvæla- og næringarfræðingafélags Íslands og landlæknis.

3. gr.

Hafi umsækjandi um leyfi samkvæmt 1. gr. ekki lokið háskólaprófi í næringarfræðum sbr. 2. gr. er ráðherra heimilt að veita leyfi hafi umsagnaraðilar samkvæmt 2. gr. mælt með leyfisveitingu uppfylli umsækjandi eftirfarandi skilyrði:

1. Hafi lokið tveggja ára sérnámi í næringarráðgjöf.
2. Hluti náms skal vera starfsmenntun á sjúkrahúsi.
3. Hafi að loknu námi lokið 6 mánaða starfsþjálfun undir leiðsögn næringarráðgjafa.

4. gr.

Næringarráðgjafar starfa að næringarráðgjöf á heilbrigðisstofnunum, kennslustofnunum um heilbrigðisstétta og matvælastofnunum.

5. gr.

Næringarráðgjafa ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða starfssvið hans.

6. gr.

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. og 3. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi, enda hafi umsagnaraðilar samkvæmt 2. gr. mælt með leyfisveitingunni.

7. gr.

Næringarráðgjafar eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun sem þeir fá í starfi sínu um sjúkdóma eða önnur mál sem leynt skulu fara samkvæmt lögum eða edli málsins og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af störfum.

8. gr.

Um næringarráðgjafa gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt reglur læknalaga, nr. 80 23. júní 1969, með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m.a. um viðurlög við brotum í starfi næringarráðgjafa, um sviptingu löggildingar þeirra og endurveitingu starfsréttinda.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur í auglýsingu sett nánari ákvæði um framkvæmd reglugerðar þessarar.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. janúar 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Patrekshreppi.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverslunar í Patrekshreppi. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar. Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktarinnar úrskurðar hreppsnefnd að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktinni:

- Heimilt skal að opna sölustaði kl. 07.00 og skal þeim lokað eigi síðar en kl. 23.30 alla virka daga vikunnar sbr. þó 3. gr.
- Þeir sem vilja hafa verslanir sínar opnar á tímabilinu frá kl. 23.30 til 07.00 að morgni skulu sækja um sérstakt leyfi til hreppsnefndar.
- Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.
- Til hreppsnefndar skal sækja um sérstakt leyfi til að hafa opið þá daga sem um getur í b-lið 3. gr.

3. gr.

Um lokun sölustaða á einstökkum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- Alla sunnudaga, nýársdag, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó d-lið 2. gr. og 6. gr.
- Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15.00.

4. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að verði neytt á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða fólk sem komið er á sölustað, þegar lokað er.